



Reykjavík, 29. nóvember 2017
Fundargerð 166. fundar

Tilvísun: 00060002

Miðvikudaginn 29. nóvember 2017 var haldinn 166. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 13.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Haraldur Sverrisson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri og Þorsteinn Karlsson, fjármálastjóri SHS.

Ólafur Kr. Ragnarsson, deildarstjóri hugbúnaðarþróunar SHS, sat fundinn undir lið 6.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Níu mánaða uppgjör

Árshlutareikningur SHS fyrir janúar – september 2017 lagður fram og kynntur.

Eftirfarandi lagt fram:

- Árshlutareikningur SHS samstæðu janúar - september, dags. 17. nóvember 2017.

Afgreiðsla: Engar athugasemdir gerðar.

2. Dómsmál gegn Íslandsbanka

Slökkviliðsstjóri fór yfir uppgjör vegna dóms Hæstaréttar í apríl sl.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Óvissustig vegna aukinnar virkni í Örafajökli

Farið yfir viðbúnað almannavarnanefndar og neyðarstjórna sveitarfélaganna vegna yfirlýsts óvissustigs vegna aukinnar virkni í Örafajökli.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Fjárhagsáætlun 2018

Slökkviliðsstjóri fór yfir fjárhagsáætlun 2018.

Afgreiðsla: Samþykkt.

5. Viðskiptakröfur 2017

Verklagsreglur SHS varðandi innheimtu og afskriftir viðskiptakrafna kynntar stjórn og farið yfir stöðu krafna.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS; Viðskiptakröfur, dags. 17. nóvember 2017.
- Verkferill SHS nr. S23; Eftirlit viðskiptamannabókhalds, 3. útg., dags. 3. október 2017.
- Reglur um afskriftir viðskiptakrafna SHS, dags. 3. október 2017.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Kynning á tölvudeildinni

Birgir Finnsson sagði frá helstu verkefnum tölvudeildar SHS og Ólafur Kr. Ragnarsson kynnti eldvarnaeftirlitskerfið Brunaverð.

Eftirfarandi lagt fram:

- Sýniskýrsla úr Brunaverði, dags. 4. október 2017.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Önnur mál


Engin önnur mál.

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.


Fundi slitið klukkan 15.00.

Fylgiskjöl:

- Árshlutareikningur SHS samstæðu janúar - september, dags. 17. nóvember 2017
- Minnisblað SHS; Viðskiptakröfur, dags. 17. nóvember 2017.
- Verkferill SHS nr. S23; Eftirlit viðskiptamannabókhalds, 3. útg., dags. 3. október 2017.
- Reglur um afskriftir viðskiptakrafna SHS, dags. 3. október 2017.
- Sýniskýrsla úr Brunaverði, dags. 4. október 2017.




Dagur B. Eggertsson




Gunnar Einarsson




Ásgerður Halldórsdóttir



Ármann Kr. Ólafsson



Haraldur Sverrisson



Haraldur L. Haraldsson